

Íslandsbanki hf.: Tilkynning um framkvæmd endurkaupaáætlunar

Aðalfundur Íslandsbanka hf. (hér eftir bankinn), sem haldinn var 17. mars 2022, veitti stjórn bankans heimild til að kaupa fyrir hönd bankans allt að 10% af hlutafé hans. Heimildina skal nýta í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup bankans á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi þar sem jafnræðis hluthafa er gætt við boð um þátttöku eða á annan hátt sem stjórnin telur bankanum og hluthöfum hans hagfelld.

Stjórn bankans hefur á grundvelli framangreindrar heimildar tekið ákvörðun um að hefja endurkaup á eigin hlutabréfum með framkvæmd endurkaupaáætlunar í þeim tilgangi að lækka útgefið hlutafé bankans. Með tilkynningu bankans dags. 9. febrúar gerði bankinn grein fyrir áætlunum sínum um að hefja endurkaup á eigin hlutabréfum með framkvæmd endurkaupaáætlunar að fjárhæð 5 milljarðar króna, sem færi fram á næstu mánuðum.

Að þessu sinni er áætlað að kaupa, allt að 11 milljónir hluta sem jafngildir 0,55% af útgefnu hlutafé bankans, þó þannig að fjárhæð endurkaupanna verði aldrei meiri en samtals kr. 1.650.000.000. Framkvæmd áætlunarinnar hefst 20. febrúar næstkomandi og mun áætlunin vera í gildi þar til öðru hvoru framangreindra viðmiða um magn eða fjárhæð er náð, en þó aldrei lengur en til 15. mars 2023. Frekari endurkaup eru háð heimild aðalfundar bankans sem haldinn verður 16. mars n.k.

Samþykkt og útgefið hlutafé bankans nemur 2.000 milljónum almennra hluta, þar sem hver hlutur er jafnvirði fimm króna. Við upphaf endurkaupaáætlunarinnar á bankinn enga eigin hluti.

Verð fyrir hvern keyptan hlut skal að hámarki vera hæsta verð í síðustu óháðu viðskiptum eða hæsta fyrirliggjandi óháða kautilboði á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Kaup hvers dags munu að hámarki nema 25% af meðaltali daglegra viðskipta með hlutabréf í bankanum á skipulegum markaði Nasdaq Iceland og skal meðaltalið byggjast á síðustu 20 viðskiptadögum á undan kaupdegi.

Endurkaupaáætlunin verður framkvæmd af Arion banka hf. sem tekur ákvarðanir um kaup á hlutafé fyrir hönd félagsins og tímasetningu viðskipta óháð félaginu.

Framkvæmd endurkaupaáætlunarinnar verður í samræmi við viðeigandi lög og reglur, þ.á m. lög um hlutafélög nr. 2/1995, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik nr. 296/2014 um markaðssvik og framselda reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/1052, lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021 og reglugerðar nr. 320/2022 um sama efni. Samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands vegna kaupa bankans á eigin hlutum er fyrirliggjandi.

Viðskipti með hluti í samræmi við endurkaupaáætlunina verða tilkynnt í síðasta lagi í lok sjöunda viðskiptadags eftir að viðskiptin fara fram.

Tengiliðir

Fjárfestatengsl - ir@islandsbanki.is

Um Íslandsbanka

Íslandsbanki er alhliða banki sem leggur áherslu á að koma til móts við þarfir viðskiptavina sinna og á sér langa sögu sem nær aftur til ársins 1875. Bankinn leggur áherslu á traustan rekstur og að hafa jákvæð áhrif í samfélaginu en hlutverk bankans er að vera hreyfiafl til góðra verka svo viðskiptavinir okkar nái árangri. Með framtíðarsýnina að vera #1 í þjónustu að leiðarljósi vinna þrjár viðskiptaeyningar þétt saman til þess að viðhalda góðum viðskiptasamböndum. Markaðshlutdeild bankans er sterk og rekur bankinn skilvirkasta útibúanetið á landinu og styður um leið við viðskiptavini sína á stafrænni vegferð þeirra. Umhverfið sem bankinn starfar í er eftirsóknarvert og er Íslandsbanki vel í stakk búinn að takast á við tækifærin framundan með öflugar tæknilegar stoðir og sterkan efnahagsreikning. Íslandsbanki er með lánshæfismatið BBB/A-2 frá S&P Global Ratings. Hlutabréf bankans eru skráð á Aðalmarkað Nasdaq Iceland.

Viðhengi

[Íslandsbanki hf.: Tilkynning um framkvæmd endurkaupaáætlunar](#)